



HEILSA Á FLÓTTA

MÁLÞING UM HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU FYRIR UMSÆKJENDUR UM ALÞJÓÐLEGA VERND Á ÍSLANDI

Föstudaginn 11. október 2019 | Hótel Reykjavík Natura

Umsækjendur um alþjóðlega vernd á Íslandi tilheyra einum af viðkvæmustu hópunum sem heilbrigðis-
starfsmenn sinna. Meðal þeirra er fólk með flóknar heilsufarsþarfir og félagslegar þarfir.

Landspítali stendur fyrir löngu tímabæru málþingi til að ræða hvernig stofnanir sem koma að málum
flóttafólks geta veitt því góða og tímanlega þjónustu.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd hér á landi skipta hundruðum. Á fyrri helmingi ársins 2019 bárust
Útlendingastofnun 369 umsóknir.

Sérstakur gestur málþingsins er Julie Benbenishty, hjúkrunarfræðingur, sem hefur vakið athygli fyrir að
efna til samráðs og samvinnu á milli hjúkrunarfræðinga í Miðausturlöndum þvert á trú, landamæri og
þjóðerni.

Auk hennar munu fulltrúar stofnana, sem veita umsækjendum um alþjóðlega vernd á Íslandi þjónustu,
greina frá verkefnum sínum og stöðu þeirra, ásamt því að rýna í framtíðina.

Málþingið er skipulagt með hliðsjón af starfsemi Landspítala, en það er öllum opið.

Aðgangur fyrir starfsfólk Landspítala er ókeypis, en gestir utan spítalans greiða 3.000 krónur.

Nánari upplýsingar gefur Áslaug Arnoldsdóttir, aslaugar@landspitali.is

[Skráning hér](#)